

**145. fundur atvinnu- og menningarmálanefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 16. apríl 2019 og
hófst hann kl. 12:00.**

Fundinn sátu:

Ásgerður Þorleifsdóttir formaður, Inga María Guðmundsdóttir aðalmaður og Baldur Björnsson aðalmaður.

Embættismenn:

Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarritari.

Fundargerð ritaði: Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarritari.

Dagskrá:

1. Styrkir til menningarmála 2019 - 2018120007

Kynntar eru umsóknir um styrk til menningarmála, fyrri úthlutun 2019.

Teknar eru til afgreiðslu styrkbeiðnir til menningarmála, vegna vorúthlutunar 2019. Atvinnu- og menningarmálanefnd samþykkir að úthluta menningarstyrkjum, samtals að fjárhæð kr. 750.000,- til eftirfarandi umsækjenda:

Hanna Jónsdóttir, Það er ekki oft skúr á Flateyri, kr. 150.000,-.

Listahópurinn Kútur, Listasköpun og menningarstarf, kr. 200.000,-.

Ljósmyndasafnið Ísafirði, Ljósmyndasýning í stigagangi Safnahúss, kr. 200.000,-.

Skálinn víkingasetur, Tilraunaverkefni um miðlun menningar og sögu Þingeyrar, kr. 100.000,-.

Tónlistarfélag Ísafjarðar, Heimsókn og tónleikar ungverskrar hljómsveitar, kr. 100.000,-.

Atvinnu- og menningarmálanefnd felur bæjarritara að tilkynna styrkveitingar og skilyrða útgreiðslu því að búið sé að skila lokaskýrslu vegna fyrri verkefna styrkþega, sé um slíkt að ræða.

2. Þrettándinn og Kómedíuleikhúsið - 2017100022

Lagður er fram tölvupóstur Elfars Loga Hannessonar, f.h. Kómedíuleikhússins, dags. 14. nóvember 2018, þar sem óskað er eftir framlengingu á samningi við Kómedíuleikhúsið.

Atvinnu- og menningarmálanefnd felur bæjarritara að semja við Kómedíuleikhúsið í samræmi við umræður á fundinum.

3. Áfangastaðaaætlun Vestfjarða - 2017110020

Lagt fram bréf Sigrúnar Brynju Einarasdóttur og Steinunnar Valdísar Óskarsdóttur f.h. ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, dagsett 25. janúar, ásamt samantekt úr áfangastaðaaætlun Vestfjarða.

Bæjarráð tók áætlunina fyrir á 1048. fundi sínum 4. febrúar og vísaði henni til

atvinnu- og menningarmálanefndar. Tiltaka skal þau verkefni sem að sveitarfélaginu koma og áætla hvort til fjármögnunar skuli koma að einhverju leyti frá sveitarfélaginu.

Atvinnu- og menningarmálanefnd tekur vel í áætlunina og lýsir ánægju sinni yfir því að öll þau verkefni sem lýst er í aðgerðaráætluninni er lúta að Ísafjarðarbæ eru í vinnslu. Atvinnu- og menningarmálanefnd felur bæjarritara að kanna stöðu á lokaskýrslu starfshóps um framtíðarskipan komu skemmtiferðaskipa.

4. Virðisaukinn - 2013110016

Lagt er fram minnisblað Þórdísar Sifjar Sigurðardóttur, bæjarritara, dags. 15. apríl 2019, varðandi fyrri úthlutanir virðisaukans.

Atvinnu- og menningarmálanefnd ákvað útnefningu virðisaukans árið 2018. Nefndin leggur til við bæjarráð að afhending Virðisaukans fari fram með hátiðlegri athöfn við upphaf bæjarstjórnarfundar í maí.

5. Stefnumótun í atvinnumálum Ísafjarðarbæjar og atvinnuþróunarsamningur Atvest - 2010080057

Lagður er fram tölvupóstur Sigríðar Ó. Kristjánsdóttur, dags. 13. febrúar sl., varðandi tilboð í gerð atvinnu- og menningarstefnu fyrir Ísafjarðarbæ.

Atvinnu- og menningarmálanefnd leggur til við bæjarráð að Ísafjarðarbær leiti til sveitarfélaganna á norðanverðum Vestfjörðum að taka sig saman um gerð atvinnumálastefnu og menningarmálastefnu fyrir norðanverða Vestfirði.

6. Verkefni atvinnu- og menningarmálanefndar - 2014110025

Umræður um erindisbréf atvinnu- og menningarmálanefndar.

Atvinnu- og menningarmálanefnd leggur til við bæjarstjórn að nefndinni verði breytt í menningarmálanefnd sem fari eingöngu með menningarmál í sveitarfélaginu og erindisbréfi verði breytt til samræmis.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:54

Ásgerður Þorleifsdóttir

Inga María Guðmundsdóttir

Baldur Björnsson

Þórdís Sif Sigurðardóttir